

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Skólastjórafélags Íslands**

25. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn þriðjudaginn 22. mars 2016 og hófst hann kl. 13:00. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda SÍ og FG ásamt fulltrúum úr stjórn Vonarsjóðs. Fundinn sat: Magnús Þór Jónsson af hálfu SÍ og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð. Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir sátu fundinn f.h. FG og af hálfu Vonarsjóðs stjórnarmennirnir Klara E. Finnbogadóttir og Theódóra Skúladóttir. Sigrún Harðardóttir, starfsmaður sjóðsins, sat einnig fundinn.

Eftirfarandi atriði voru tekin til umfjöllunar:

**1. Nýjar samþykktir og reglur um Vonarsjóð FG og SÍ sem taka gildi 2. maí nk.**

Formaður sjóðsstjórnar fór yfir athugasemdir í nokkrum liðum sem borist hafa sjóðsstjórn ásamt atriðum sem stjórninni finnst mikilvægt að skýra frekar. Eftirtalin atriði voru tekin til umræðu og afgreidd þar sem við í stafaliðum a – h:

- a) Bent var á orðalagsvillu í grein 2.2. en þar segir að „Félagsmaður“ greiði iðgjald í sjóðinn.

**Niðurstaða:**

Samþykkt var að gera breytingu á greininni og hljóðar hún því svo: „Vinnuveitandi þarf að hafa greitt iðgjald í sjóðinn mánaðarlega í a.m.k. sex samfellda mánuði til þess að félagsmenn öðlist rétt til úthlutunar.“

- b) Bent var á að gæta þyrfti samræmis í b-lið í grein 3.1 og fylgiskjals með samþykktum og reglum sjóðsins. Í fylgiskjalinu er eftirfarandi setning sem ekki er í reglunum: „Þegar félagsmaður hefur fullnýtt ECTS einingar úr b-hluta getur hann sótt um styrk vegna lokinna ECTS eininga í a-hluta“.

**Niðurstaða:**

Samþykkt var að bæta setningunni: „Þegar félagsmaður hefur fullnýtt ECTS einingar úr b-hluta getur hann sótt um styrk vegna lokinna ECTS eininga í a-hluta“ við í samþykktir og reglur sjóðsins.

- c) Bent var á að skýra þurfi frekar hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá gistinótt/nætur samþykktar og vangavelta um það hvort setja þyrfti viðbótarskilyrði varðandi gistinætur í samþykktir og reglur og/eda fylgiskjal.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að sjóðnum beri aðeins að greiða fyrir gistinætur sem sannanlega varða ferðina/ráðstefnuna þ.e. ráðstefnu- og ferðadaga auk einnar viðbótarnætur ef þannig háttar til s.s. varðandi ferðatilhögun. Ákveðið að setja

nánari skýringu um gistinætur í samþykktir og reglur og fylgiskjal samkvæmt framangreindu.

- d) Stjórn Vonarsjóðs barst erindi félagsmanns þar sem óskað er eftir því að í nýjum samþykktum og reglum sjóðsins verði hægt að nýta starfsmenntunarstyrkinn í bókakaup og tímaritaáskriftir.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að ekki sé hægt að breyta samþykktum og reglum sjóðsins í þessa veru að sinni. Lagt er til að tillagan fái frekari umfjöllun á árlegum fundi samstarfsnefnda FG og SÍ og stjórnar Vonarsjóðs, vorið 2017.

- e) Stjórn Vonarsjóðs fékk ábendingu um að upphæð vegna lokinna ECTS eininga hafi verið óbreytt í mörg ár og hvort ekki væri kominn tími til að hækka hana.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að fjárhæðin haldis óbreytt og áfram verði greiddar 5000 kr. á hverja ETCS einingu.

- f) Stjórn Vonarsjóðs óskar eftir afstöðu samstarfsnefndar um það hvort skólaheimsóknir og kynnisferðir sem farnar verða fyrir 2. maí 2016, þ.e.a.s á tímabilinu 2. nóvember 2015 til 1. maí 2016, séu styrkhæfar með vísan til þess að þegar nýjar reglur taka gildi sé hægt að leggja fram kvittanir sem eru allt að 6 mánaða gamlar.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að skólaheimsóknir og kynnisferðir sem farnar eru á tímabilinu 2. nóvember 2015 til 1. maí 2016 séu styrkhæfar. Styrkir verða þó ekki greiddir umsækjendum fyrr en nýjar samþykktir og reglur hafa tekið gildi, þ.e. 2. maí 2016. Ekki er hægt að sækja um fyrr en nýjar samþykktir og reglur hafa tekið gildi. Kvittanir mega ekki vera meira en 6 mánaða gamlar.

- g) Spurt er hvort félagsmaður geti dregið umsókn í sjóðinn til baka.

**Niðurstaða:**

Félagsmaður getur dregið umsókn til baka með tilkynningu til sjóðsins.

- h) Spurt er hvenær ellilífeyrisþegar missa réttindi til greiðslna úr sjóðnum.

**Niðurstaða:**

Ellilífeyrisþegar missa réttindi í sjóðnum og greiðslur stöðvast til þeirra um leið og þeir detta útaf félagaskrá.

Bjarna Ómari og Klöru er falið að uppfæra samþykktir og reglur samkvæmt framangreindum ákvörðunum.

## 2. Önnur mál

Bent var á að þegar nýjar samþykktir og reglur taka gildi þurfa félagsmenn að rökstyðja umsóknir sínar og tilgreina hvernig styrkurinn nýtist til faglegrar starfsþróunar og eykur sérfræðiþekkingu hans á sviði náms og kennslu. Aðilar ítrekuðu að sjóðsstjórn starfar eftir samþykktum og reglum sjóðsins og leggur mat á hvort umsóknir eru styrkhæfar útfrá markmiðum þeirra, sbr. gr. 1.2, og samþykktum og reglums sjóðsins.

Fundi slitið klukkan 14:30.